



# Fréttabréf FFA apríl 2023

## Ferðakynning FFA

Ferðir ársins ásamt sérstökum barna- og fjölskylduferðum voru kynntar í VMA 30. mars og mættu um 70 manns. Hreyfiverkefni sumarins voru líka kynnt auk raðgöngu sem verður í ágúst.

Konráð og Frímenn sögðu frá ferð sem þeir fóru í um Austurland í ágúst 2021, áhugaverð frásögn.



## Hreyfiverkefnið hefst í apríl og maí

Nú eru öll hreyfiverkefni sumarsins komin á heimasíðu FFA. Þetta eru fjögur fjölbreytt verkefni og eitthvað við allra hæfi. Þau eru eftirfarandi:

Ferðast með allt á bakinu: Hefst 16. apríl. Fræðsla, ferðir og útilegur, þyngdarstig 2-3 skór.

Núvitund í náttúrunni: Hefst 23. apríl. Léttar gönguferðir. Fræðsla og fimm ferðir.

Komdu með í útivist: Hefst 27. apríl. Viltu koma þér af stað fyrir sumarið eða viltu byrja að ganga á fjöll?

Komdu út og á fjöll: Hefst 16. maí. Þyngdarstig er 2-3 skór.

### [Nánar á heimasíðu FFA](#)

#### **Opið hús hjá FFA 13. apríl kl. 20**

Árni Einarsson heldur erindi um minjalandslag í norðlenskum sveitum. Hver hefur ekki rekist á mannvistarleifar á ferðum um landið, vallgrónar tóftir og garðlög, oft langt frá núverandi byggð. Stundum fylgir þeim saga. [Sjá nánar](#)



#### **Ferðir í apríl**

Þrjár skíðagöngur eru fyrirhugaðar í apríl og vonandi að nægur snjór og þátttaka verði til að þær verði farnar. [Sjá nánar](#)

